

Laugafiskur ehf.  
Unubakka 42-44  
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 26. febrúar 2024  
UST202402-206/H.G.  
08.12.01

### **Efni: Bráðabirgðaheimild - Laugafiskur**

Vísað er til erindis Laugafisks ehf., kt. 600193-2449 til Umhverfisstofnunar, dags. 15. janúar og 9. febrúar sl., þar sem sótt er um bráðabirgðaheimild fyrir áframhaldandi starfsemi fyrir heitloftspurrkun fiskafurða, skv. 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfisstofnun hafnaði umsókn Laugafisks um bráðabirgðaheimild dags. 12. janúar sl. (UST202312-132) þar sem ekki lá fyrir fullnægjandi starfsleyfisumsókn hjá heilbrigðisnefnd Suðurnesja. Þann 9. febrúar sl. barst Umhverfisstofnun erindi frá Laugafisk þar sem fram kom að heilbrigðiseftirlitið hafi samþykkt fullnægjandi umsókn. Umhverfisstofnun leitaði umsagnar heilbrigðiseftirlits Suðurnesja sama dag. Í umsögn heilbrigðiseftirlits Suðurnesja dags. 14. febrúar sl. kemur að eftirlitið hefur móttengið umsókn félagsins um starfsleyfi, dags. 23. nóvember sl. og staðfesti embættið að umsóknin væri fullnægjandi. Hvað varðar brýna þörf taldi heilbrigðiseftirlitið að útskýring rekstraraðila á brýnni þörf kæmi ekki fram í erindi og er eftirlitinu ekki kunnugt um neina brýna þörf á bráðabirgðaheimild. Þá taldi heilbrigðiseftirlitið ekki rétt að veita bráðabirgðaheimild á meðan félagið væri í eftirfylgni hjá heilbrigðisnefnd. Að öllu framangreindu gat heilbrigðiseftirlitið ekki mælt með því að Umhverfisstofnun veitti bráðabirgðaheimild. Stofnunin kallaði dags. 14. febrúar sl. eftir nánari útskýringu Laugafisks á hinni brýnni þörf sem kallaði á bráðabirgðaheimild. Sama dag barst svar þar sem fram kom að sú brýna þörf sem væri til staðar er að starfsleyfi Laugafisks sé runnið út og á meðan umsóknin væri í vinnslu hjá heilbrigðisnefnd væri það algjört forgangsmátt að viðhaldahalda starfsleyfinu. Umhverfisstofnun fundaði með heilbrigðiseftirlitinu um efni umsagnarinnar og viðbrögð rekstraraðila dags. 15. febrúar sl. en á fundinum benti Umhverfisstofnun á að eftirlitsmál eftirlitsins væri aðgreint starfsleyfisvinnslunni og ætti því að taka á frávikum í eftirliti en að frávík þessi sem um ræðir gæti ekki verið forsenda þess að hafna beiðni um bráðabirgðaheimild.

Í 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir kemur fram að Umhverfisstofnun er heimilt í sérstökum undantekningartilvikum, þegar brýn þörf er á að hefja eða halda áfram starfsemi sem heyrir undir lög þessi, að veita rekstraraðila bráðabirgðaheimild að hans beiðni fyrir starfseminni. Umhverfisstofnun skal eftir atvikum leita umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar og annarra aðila eftir því sem við á. Heyri

starfsemin undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana er skilyrði að fyrir liggi mat á umhverfisáhrifum vegna starfseminnar eða niðurstaða um matskyldu hennar.

Í ljósi framangreinds, umsagnar heilbrigðisnefndar, þess að fram er komin fullnægjandi starfsleyfisumsókn og í samræmi við 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, fellst Umhverfisstofnun á að veita Laugafisks ehf., kt. 600193-2449 bráðabirgðaheimild fyrir heitloftspurrkun fiskafurða að Vitabraut 1, 233 Reykjanesbæ. Leyfilegt er að framleiða úr allt að 100 tonnum af hráefni á sólarhring eða 36.500 tonn á ársgrundvelli miðað við hámarksafköst verksmiðjunnar.

Bráðabirgðaheimildin er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Laugafiskur ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu, sérstaklega ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og þeim kröfum sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Haga skal starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.
2. Rekstraraðili skal fylgja drögum að sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir heitloftspurrkun fiskafurða dags. 26. febrúar 2024. Heilbrigðiseftirlitið er heimilt að tilkynna rekstraraðila um breytingar á drögum sem honum ber að fylgja. Birta skal framangreindar breytingar á vefsíðu eftirlitsins.
3. Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi gilda einnig um starfsemina. Gæti á misræmi á einstaka málsgreinum í almennum skilyrðum eða drögum að sértækum skilyrðum gilda hið síðnefndu.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja fer með mengunarvarnaeftirlit skv. XIV. kafla laga nr. 7/1998 með starfseminni. Rekstraraðili ber ábyrgð á kostnaði af eftirliti eftirlitsaðila. Ber fyrirtækinu að fylgja fyrirmælum nefndarinnar um kröfur og starfshætti sem varða mengunarvarnir framkvæmdarinnar. Nefndin getur beitt þvingunarúrræðum skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998 ef frávik verða frá skilyrðum bráðabirgðaheimildarinnar. Þá mun nefndin upplýsa Umhverfisstofnun um frávik sem til álita kemur að beita stjórnvaldssektum, sbr. 2. mgr. 55. gr. laga nr. 7/1998.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja skal birta bráðabirgðaheimild þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur henni tengdar. Heimild þessi gildir þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 23. febrúar 2025. Komi í ljós þörf á að fá bráðabirgðaheimildina framlengda skal sækja um tímanlega eða helst eigi síðar en mánuði áður en heimildin rennur út.

Umhverfisstofnun mun innheimta gjald fyrir vinnu við gerð bráðabirgðaheimildar, skv. gildandi gjaldskrá stofnunarinnar á hverjum tíma.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um veitingu bráðabirgðaheimildar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá dagssetningu þessa bréfs, skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Virðingarfyllt,

Skúli Þórðarson  
***sviðsstjóri***

Hlín Gísladóttir  
***lögfræðingur***